

Ná.

139. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmaður: Jón Auðunn Jónsson.

Við 1. gr.

Fyrir »Nú verður skipstjóri sekur um brot . . . að vera skipstjóri á fiskiskipi« komi:

Nú verður skipstjóri sekur um ítrekað brot gegn 1. gr., og missir hann þá rjett til skipstjórnar á botnvörpuskipi um eitt ár. Verði hann brotlegur í þriðja skifti, skal hann missa rjett til skipstjórnar á botnvörpuskipi um fimm ára skeið.